



## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 22. mars var þriðji fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Gísli Jónasson prófastur og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri.

Forstjóri las ritningarlestur og fór með bæn. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda lagðar fram til undirritunar.
2. Fréttir af ráðningu í framkvæmdastjórastarf hjá KGRP.
3. Niðurstaða rekstrarreiknings 2021 lögð fram og fjárhags- og verkáætlun 2022 lögð fram. Margrét Guðjónsdóttir aðalbókari KGRP, Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri og Gestur Hreinsson umsjónarmaður fasteigna KGRP koma á fundinn.
4. Önnur mál.

-----

1. Lagðar voru fram síðust tvær fundargerðir og voru þær samþykktar með undirritun.
2. Vinna framkvæmdastjórnar KGRP með fulltrúa Hagvangs – ráðningarstofu gengur vel. Fyrst voru valdir sex umsækjendur af átján og síðan var þeim fækkað niður í tvo og er nú verið að afla frekari umsagna um þá. Gert er ráð fyrir að búið verði að ráða framkvæmdastjóra KGRP fyrir 1. arpíl nk.
3. Forstjóri lagði fram óendurskoðað uppgjör bókhalds fyrir árið 2021 og voru niðurstaða rekstrarreiknings kynnt. Rekstrarafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld og án hlutdeildar í afkomu dótturfélags er um 10 m.kr. þrátt fyrir aukna lífeyrisskuldbindinu um 50 m.kr milli árána 2020 og 2021. Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi að teknu tilliti til afkomu dótturfélagsins (ÚK ehf), fjármunatekna og gjalda er áætlaður um 51 m.kr.

Sjóður KGRP um áramótin var 58 m.kr. þegar búið var að leggja til hliðar fé á móti lífeyrisskuldbindingunum.

Önnur yfirferð fjárhagsáætlunar var kynnt. Nokkrar tafir hafa orðið á vinnu við fjárhagsáætlunargerð vegna uppsagnar aðalbókara KGRP sem ráðin var í september sl. en lét af störfum um áramótin.

Átluninni eins og hún liggur fyrir í vinnugögnum gerir ráð fyrir 16,8 m.kr. tekjuafgangi af reglulegri starfsemi. Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi þar sem tekið er tillit til afkomu dótturfélagsins, fjármunatekna og gjalda er áætlaður um 68 m.kr. Margir útgjaldaliðir, sem m.a. tilheyra viðhaldi fasteigna bíða, voru ekki settir inn á áætlunina en svigrúm er fyrir nýjan framkvæmdastjóra í samráði við framkvæmdastjórn að bæta við verkefnum ef svo ber undir.

Margrét, Kári og Gestur svörðu spurningum fundarmanna um hinar ýmsu fjárfestingar og framkvæmdir.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

4. Undir liðnum önnur mál voru málefni Kirkjugarðasambands Íslands rædd og sagði forstjóri frá samningi milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs sem gerður var til þriggja ára nú á dögnum. Ákveðið var að samningurinn verði sendur framkvæmdastjórn.

Í skýrslu kirkjugarðaráðs um byggingu nýrrar bálstofu kemur skýrt fram að lagt er til að bálstofunni verði stýrt af fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og kirkjugarða landsins. Í tengslum við þær tillögur var rætt um stofnun félagsins *Bálstofa Íslands ehf* sem forstjóri setti á laggirnar fyrr á árinu. Það félag mundi standa að byggingu bálstofunnar og tækju þá þeir aðilar sem kæmu að stjórn nýrrar bálstofu við félaginu. Beðið er eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um það hverjum verði falið að stýra þeirri uppbyggingu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.